



Dalabyggð

**Greinargerð
með fjárhagsáætlun Dalabyggðar
2020-2023**

12. desember 2019
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2020	3
A- og B hluti sveitarsjóðs.....	3
00 Skatttekjur	3
02 Félagsþjónusta	3
03 Heilbrigðismál.....	3
04 Fræðslu- og uppeldismál	3
05 Menningarmál	4
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	4
07 Brunamál og almannavarnir.....	4
08 Hreinlætismál	4
09 Skipulags- og byggingarmál.....	4
10 Umferðar- og samgöngumál	4
11 Umhverfismál	4
13 Atvinnumál	5
21 Sameiginlegur kostnaður	5
22 Lífeyrisskuldbindingar	5
28 Fjármagnsliðir.....	5
31 Eignasjóður.....	5
43 Vatnsveita.....	5
53 Dvalar- og hjúkrunarheimilð Silfurtún.....	5
57 Leiguíbúðir.....	5
61 Fráveita.....	5
65 Dalaveitur ehf.....	5
Dalagisting.....	6
Byggðasamlag um brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar	6
Fjárfestingar	6
Skuldir og fjárhagstaða.....	6
Árin 2021-2023.....	7
Annað	7

Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2020-2023 kom til fyrstu umræðu á fundi sveitarstjórnar 30. október síðastliðinn. Byggðarráð hóf undirbúning að áætluninni í mars og beindi því til nefnda sveitarfélagsins að ræða áætlunina fyrir árið 2020 á fundum sínum í apríl og maí, sérstaklega þá þætti sem vörðuðu fjárfestingar/framkvæmdir. Í framhaldinu ræddu allar nefndir fjárhagsáætlun á fundum sínum.

Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á átta fundum, þar af einum vinnufundi á undirbúningstíma og þrisvar milli umræðna. Einnig var fjárhagsáætlunin rædd í öllum nefndum. Þá var haldinn íbúafundur í Dalabúð þann 7. nóvember þar sem tillagan að áætluninni var kynnt. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í tveimur umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var unnin af deildarstjórum hinna ýmsu eininga og skrifstofu Dalabyggðar. Vil ég þakka öllum fyrir þá vinnu.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda og launasetningu. Áætlunir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsingum frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá.

Óvissa er í áætluninni varðandi launakostnað. Kjarasamningar hafa verið lausir frá fyrri hluta ársins 2019 og því er veruleg óvissa um þróun launakostnaðar á komandi ári. Sorpmál er óvissuþáttur vegna breytinga sem munu verða í þjónustu og hækkana á kostnaði s.s. vegna urðnar. Þá er óvissa vegna sölu eigna og einnig varðandi efnahagsástand næsta árs.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefnda jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærra en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin stenst þessar reglur.

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,52% sem er óbreytt frá 2019. Álagningarhlutfall fasteignaskatts er einnig óbreytt milli ára en fasteignamat í Dalabyggð hefur hækkað um 5,2%. Fasteignamat orlofshúsa lækkar en mat á íbúðarhúsnæði hækkar (14%). Ekki er mögulegt fyrir Dalabyggð að lækka fasteignaskatt því það myndi þýða lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélagsins. Hlutfall vegna lóðagjalda er óbreytt en hins vegar lækkar lóðarmat og þ.a.l. gjöld vegna þeirra. Álagningarhlutfall vegna holræsagjalds og vatnsgjalds lækkar, annars vegar úr 0,19% í 0,17% (fráveita) og úr 0,32% í 0,29% (Vatnsveita).

Gjaldskrár hækka um 2,5% og er breytingin á álagningarhlutfalli holræsagjalds og vatnsgjalds gerð til að hækkan þeirra fari ekki umfram þessa tölu. Þessar hækkanir eru innan þeirra marka sem fram koma í yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífsskjarasamningana 2019-2022.

Fjárhagsáætlunin er sett lögð fram með þessari greinargerð og skjali sem í fundargögnum heitir „Fjárhagsáætlun 2020 6_12_2019.pdf“. Komi það upp að mismunur sé milli talna í því skjali og þessari greinargerð, þá eru það tölurnar í skjalinu sem gilda en ekki greinargerðin.

Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2020

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 21,6 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 37,7 millj.kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar rúmur 1,4 milljarður kr. í árslok 2020, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 659 millj.kr. og eigið fé um 804 millj.kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 60 millj.kr. eða 7,21% og samantekið fyrir A- og B-hluta 66,9 millj.kr. eða um 6,3% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 112,7 millj.kr.. Um er að ræða framkvæmdir við grunn- og leikskóla, viðhalds fasteigna á Laugum, Vínlandssetur, fráveitu og Dalaveitur (lagning ljósleiðara) auk ýmissa minni verkefna vegna viðhalds eigna og undirbúning stærri framkvæmda (íþróttamanvirki).

A- og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2021–2023 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Dvalarheimilið Silfurtún, Fasteignafélagið Hvammur ehf., Félagslegar íbúðir, Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf., Vatnsveita og byggðasamlag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um brunavarnir. Byggðasamlagið er fært sem B-hluta stofnun hjá Dalabyggð þar sem sveitarfélagið greiður yfir 50% af rekstrarkostnaði þess. Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2020 borin saman við útkomuspá 2019.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur verði 397,6 millj.kr. á árinu 2020. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru framlög til Dalabyggðar svipuð milli ára og verða 298,2 millj.kr. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats, sjá umfjöllun í inngangi.

02 Félagsþjónusta

Félagsþjónusta lækkar um tæp 2,0 millj.kr. frá yfirstandandi ári eða um 7,1%. Nýr samningur hefur verið gerður við Borgarbyggð og þjónustusvæði vegna fatlaðra á Vesturlandi hefur verið skipt upp í þrennt. Kostnaður vegna þjónustusamningsins hækkar en lækkunin er vegna áætlunar vegna framfærslu- og barnaverndarmála. Alltaf er þó ákveðin óvissa með þessa þætti.

03 Heilbrigðismál

Þessi málaflokkur hækkar verulega milli ára en ástæðan er að nú er kostnaðarhlutdeild Dalabyggðar vegna Heilbrigðiseftirlits Vesturlands færð hér (var áður fært undir málaflokki 08 þ.e. hreinlætismál). Framlag til heilbrigðiseftirlitsins hefur tvöfaldast milli ára vegna aukins rekstrarkostnaðar.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Lækkar um rúm 9,5 millj.kr. milli ára eða um 2,7%. Að stærstum hluta er þar um að ræða lækkun vegna skólaaksturs. Fræðslumál taka til sín um 51% skatttekna sveitarfélagsins (skatttekjur + framlög Jöfnunarsjóðs) eða 31% heildartekna.

05 Menningarmál

Gert er ráð fyrir um 2,1 millj.kr. lækkun milli ára eða um 3,1%. Skýringar eru breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Eiríksstaða. Byggðasafnið verður ekki opið næsta sumar og verður tíminn nýttur til að pakka því niður með flutning í huga. Húsnæðismál safnsins eru í mikilli óvissu.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir 4,5 millj.kr. lækkun eða 8,2%. Þetta skýrist nánast að öllu af framlagi til UMF Ólafs Pá vegna nýrrar líkamsræktar 2019. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri íþróttamannvirkjana á Laugum miðað við árið 2019.

07 Brunamál og almannavarnir

Stofnað hefur verið byggðasamlag í samstarfi við Reykhólahrepp og Strandabyggð og verður á árinu unnið að framtíðarskipulagi á því. Árið 2018 tók gildi ný reglugerð um starfsemi slökkviliða og var fyrirjábanlegt að það fylgdi verulegur kostnaður því að færa starfsemi slökkviliðsins að henni. Með byggðasamlaginu tekst að halda þeirri hækkun í lágmarki. Tekin verður upp bakvakt stjórnanda alla daga utan dagvinnutíma. Verður hún sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlagsins og tvær vikur af hverjum fjórum verður hún í Dalabyggð. Á móti verður hins vegar bakvakt um helgar aflögð. Í áætluninni er gert ráð fyrir 3,9 millj.kr. hækkun eða 13%.

08 Hreinlætismál

Áætluð hækkun er 3 millj.kr. eða 10%. Hér að framan var nefnd óvissa með sorpmál en kostnaður vegna þeirra er meginhluti þessa málaflokks. Verulegar breytingar eru í öllum kröfum um söfnun, meðferð, flokkun og förgun úrgangs. Þjónusta verður boðin út fyrri hluta næsta árs. Breytingar eru á verðskrá varðandi hirðingu og flokkun dýrahræja þar sem greiðendur skiptast í þrjá gjaldflokka eftir stærð bústofns. Samkvæmt lögum eiga gjöld í þessum málafloki að standa undir kostnaði við hann. Svo er ekki nú og slíkt gengur ekki til lengdar. Þess er því að vænta að gjöld muni hækka verulega á næstu árum. Góðu fréttirnar eru að hægt er að draga úr þessum kostnaði með því að minnka magn sorps og vanda enn betur til allrar flokkunar.

09 Skipulags- og byggingarmál

Árið 2020 verður fyrsta heila árið með nýju fyrirkomulagi þ.e. að stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa hefur verið skipt upp og Strandabyggð hefur gengið til samstarfs við Dalabyggð, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp um þennan málaflokk. eru stöðugildin við þennan málaflokk orðin tvö í stað eins áður. Kostnaður er nánast óbreyttur á milli ára. Vinna við endurskoðun aðalskipulags hefst í byrjun árs að loknu útboði.

10 Umferðar- og samgöngumál

Gert er ráð fyrir lækkun um 2,2 millj.kr. eða 22,9%. Ekki er áætlað vegna styrkvega heldur verður það tekið upp þegar upphæð á styrkjum liggur fyrir. Snjómokstur hækkar en gert er ráð fyrir tekjum til málaflokksins vegna gatnagerðargjalda (bygging raðhúss).

11 Umhverfismál

Áætluð er hækkun um 2,4 millj.kr. eða 15,9%. Hún skýrist af hækkun vegna refa- og minnkaveiða.

13 Atvinnumál

Lækkar um 0,2 millj.kr. eða 1,2%. Kostnaður við upplýsingamiðstöð og kynningarmál lækkar en hins vegar verður ráðinn verkefnisstjóri markað-, menningar- og atvinnumála (með sérstaka áherslu á ferðamál).

21 Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og en að kostnaður hækki um 6,2 millj.kr. eða 6,7%. Stærstu þættir einstöku í auknum kostnaði eru 2 millj.kr. vegna jafnlaunastaðals, 500 þús.kr. vegna endurskoðunar og 1 millj.kr. vegna aðkeyptar ráðgjafabjónustu sem nýtist fleiri en einum málaflökki. Gert er ráð fyrir kostnaði og tekjum vegna forsetakosninga.

22 Lífeyrisskuldbindingar

Tekur breytingum árhvert miðað við þróun vísitölu og hversu margir eru að taka út lífeyri.

28 Fjármagnsliðir

Gert ráð fyrir að fjármagnsliðir lækki um 9,3 millj.kr. eða 52%. Þetta er vegna ákvörðunar um að afskrifa skuld við aðalsjóð, sjá umfjöllun um Silfurtún, málaflökku 53.

31 Eignasjóður

Sjá fjárfestingar.

43 Vatnsveita

Gert ráð fyrir óbreyttum rekstri en fjárfestingar og kostnaður vegna vatnsveitu er gjarnan mismunandi milli ára m.a. vegna þess ef bilanir koma upp.

53 Dvalar- og hjúkrunarheimilö Silfurtún

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri. og að Dalabyggð greiði um 20 millj.kr. með rekstrinum. Á árinu 2019 var tekin ákvörðun um að fella niður skuld Silfurtúns við aðalsjóð rúmar 300 millj.kr. þar sem fyrir liggur að hún mun ekki fást greidd (sbr. dóm í máli Garðabæjar gegn ríkinu). Það breytir útreikningum vegna vaxtakostnaðar u.þ.b. 15 millj.kr. á milli ára. Verið er að vinna könnun á hvort möguleikar séu á samnýtingu með Fellsenda. Fyrir liggur að rekstur Silfurtúns yrði í jafnvægi ef þar yrði bætt við tveimur hjúkrunarrýmum. Þau hafa ekki fengist þrátt fyrir ítrekuð erindi Dalabyggðar til heilbrigðisyfirvalda um slíkt á undanförunum árum.

57 Leiguíbúðir

Leigutekjur standa undir beinum rekstrarkostnaði en einungis hluta afskrifta og fjármagnsgjalda.

61 Fráveita

Gert er ráð fyrir framkvæmdum við útrás fráveitu frá Búðardal, sjá fjárfestingar.

65 Dalaveitur ehf

Á árinu er gert ráð fyrir að lokið verði við síðasta áfanga í lagningu ljósleiðara í Dalabyggð og tengingar allra notenda verði orðnar virkar. Er þar um að ræða leiðina frá Tjaldanesi að Vogu og inn Gilsfjörð að Kleifum. Vegna þessa gerir áætlunin ráð fyrir lántöku allt að 15 í langtímalán og 8,5

millj.kr. í lán frá A hluta. Þá verður sú breyting á starfsemi Dalaveitna að rekstur hitaveitu á Laugum færir til félagsins.

Dalagisting

Dalagisting er rekstrarfélag sem á og leigir út hótélhluta bygginganna á Laugum. Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttum rekstri 2020 en mikil óvissa er um það hvernig honum verður háttað.

Byggðasamlag um brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Sjá umfjöllun um málaflokk 07.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum sem gert er ráð fyrir að færir til eignar á efnahagsreikningi:

Leikskóli	2.000.000	Leifsbúð	5.000.000
Auðarskóli	9.000.000	Íþróttamiðstöð	3.000.000
Fráveita	16.500.000	Slökkvistöð	2.000.000
Vatnsveita	4.000.000	Framlag til byggðasamlags	1.000.000
Gatnagerð	9.500.000	Sorpmaal	6.000.000
Gangstéttir	2.000.000	Fjárréttir	1.000.000
Skipulag	1.500.000	Áhaldahús	1.000.000
Tjaldsvæði	1.500.000	Dalabúð	8.000.000
Stjórnsýsluhús	7.000.000	Tjarnarlundur	1.000.000
Laugar	5.000.000	Áhaldahús	1.000.000
Árblik	1.000.000	Leiguíbúðir	2.000.000
Staðarfell	500.000	Dalaveitur	16.000.000
Silfurtún	7.000.000		

Áætlað er að opna Vínlandssetur á sumardaginn fyrsta, 23. apríl. Áætlað er að sú framkvæmd verði fjármögnuð af með styrkjum og kemur því ekki til eignamyndunar í efnahagsreikningi. Til þess að ljúka því verkefni vantar 20 millj.kr. sem sótt verður um frá byggðaaætlun.

Hvamar hses er húsnæðissjálfsseignarstofnun sem er stofnuð af Dalabyggð. Stofnunin er sjálfstæður lögaðili fjárhagslega óháð Dalabyggð. Þess vegna eru atriði eins og lántökur og fjárfestingar stofnunarinnar ekki tiltekin hér.

Skuldir og fjárhagstaða

Afborganir langtímalána verða um 32 millj.kr. á árinu 2020 og skuldastaða Dalabyggðar ætti því ekki að breytast að neinu marki. Skuldahlutfall verður um 62,4% af tekjum. Framlegð verður um 6,3%. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði um 112 millj.kr.

Árin 2021-2023

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og að rekstrarniðurstaða verði jákvæð öll árin. Gert er ráð fyrir að árin 2022 og 2023 verði lántökur 150 millj.kr. hvort ár. Þær lántökur munu þurfa að koma til vegna uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Búðardal sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Annað

Á árinu 2020 er miðað við að unnið verði að eftirfarandi þó ekki séu settar upphæðir á það í áætlun:

- Tómsfundamiðstöðinni Hreysinu fundinn staður í húsnæði í eigu Dalabyggðar.
- Sala á Fasteignafélaginu Hvammi.
- Ægisbraut 2 (réttin) verði seld.
- Hirðing, móttaka og eyðing sorps verður boðin út.
- Fylgja eftir skráningu fasteigna og að matstig þeirra sé rétt.
- Könnuð verði útboð varðandi eftirfarandi atriði:
 - Tryggingar
 - Hreinsun rotþróa
- Eins og fram kemur hér frammar eru Húsnæðismál Byggðasafns Dalamanna í óvissu. Sótt verður um styrki vegna þess með fyrirvara um að lausn finnist.
- Farið verður yfir hvernig eignarhald á félagsheimilum er skilgreint en það er forsenda þess að eignirnar verði mögulega leigðar út eða seldar.

Samkvæmt fjögurra ára áætluninni er gert ráð fyrir að húseignir og íþróttamannvirki á Laugum verði seld á árinu 2021.